

Spölur ehf

Ársreikningur 2013

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9 - 22
Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað	23

Spölur ehf.
Kennitala 511295-2119
Kirkjubraut 28, Akranes

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Spölur ehf sá um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð og sér um rekstur hennar uns allar skuldir félagsins hafa verið greiddar, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgöngumálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

Starfsemin á árinu

Spölur ehf. hefur rekið Hvalfjarðargöng síðan 1998.

Alls fóru 1.887.343 ökutæki um göngin á tímabilinu sem greiddu veggjald. Þessi fjöldi samsvarar því að 5.171 ökutæki hafa farið um göngin að meðaltali, dag hvern á þessu tímabili. Aukning í umferð milli árunna 2012 og 2013 var 2,5%. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin á tímabilinu var um 582 kr.

Starfsmenn voru alls 17 á árinu sem samsvarar 15 stöðugildum.

Tekjur félagsins á tímabilinu námu 1.091 mkr. Hagnaður nam 355 mkr. Rekstrarkostnaður var 329 mkr.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 45 mkr. eða 0,52 á hlut en vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Endurbætur

Þörf hefur verið á ýmsum endurbótum á Hvalfjarðargöngum til þess að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins um lágmarksöryggiskröfur vegna jarðganga sem var tekin upp á Íslandi með reglugerð nr. 992 frá 2007 um öryggiskröfur fyrir jarðgöng. Þar sem þjóðvegur 1 fellur undir þessar lágmarkskröfur, gildir tilskipunin um Hvalfjarðargöng. Endurbótum skal vera lokið 30. apríl 2014.

Eignaraðild

Hlutfé félagsins kr. 86 mkr er allt í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 3.

Stjórnunarhættir

Stjórn Spalar ehf. leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út í júní 2009. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, ítarlegar reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf framkvæmdastjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör framkvæmdastjóra og hittir endurskoðendur reglulega. Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd. Allir fimm stjórnarmenn félagsins eru óháðir félaginu.

Á árinu voru haldnir 4 stjórnarfundir og 1 fundur í endurskoðunarnefnd. Meirihluti stjórnar og meirihluti endurskoðunarnefndar hafa mætt á alla fundi.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og gefa þeir að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins vegna ársins 2013.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2013 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissuþáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Akranesi, 27. febrúar 2014

Stjórn Spalar ehf

Gísli Gíslason, formaður

Einar Þorsteinsson

Gunnar Gunnarsson

Hafsteinn S. Hafsteinsson

Laufey Jóhannsdóttir

Framkvæmdastjóri Spalar ehf

Gylfi Þórðarson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Spalar ehf

Við höfum endurskoðað ársreikning Spalar ehf fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á eigin fé, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningssskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, efnahag þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akranesi, 27. febrúar 2014

PricewaterhouseCoopers ehf

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2013

	Skýr.	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Veggjald		1.091.241	1.057.930
Viðhald og rekstur ganga		(185.126)	(194.286)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(139.435)	(143.567)
Tapaðar kröfur	9	(4.208)	(4.197)
Afskriftir	8	<u>(119.763)</u>	<u>(115.851)</u>
Rekstrarhagnaður		642.709	600.029
Vaxtatekjur og verðbætur	6	25.340	22.555
Vaxtagjöld og verðbætur	6	<u>(224.146)</u>	<u>(268.926)</u>
		(198.806)	(246.372)
Hagnaður fyrir skatta		443.903	353.657
Tekjuskattur	7	(88.781)	(115.569)
Hagnaður ársins		<u>355.123</u>	<u>238.088</u>
Skipting hagnaðar:			
Hluthafar		355.123	238.088
Hagnaður á hlut:			
- Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	15	4,13	2,77
Heildarhagnaður ársins		<u>355.123</u>	<u>238.088</u>
Skipting heildarhagnaðar:			
Hluthafar		355.123	238.088

Skýringar á blaðsíðum 9 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	31/12 2013	31/12 2012
Fastafjármunir	8		
Stofnkostnaður vegganga		4.101.764	4.115.338
Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki		156.916	127.629
		<u>4.258.680</u>	<u>4.242.968</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9	199.774	215.875
Handbært fé		229.039	265.191
		<u>428.812</u>	<u>481.066</u>
Eignir samtals		<u>4.687.492</u>	<u>4.724.034</u>
Eigið fé			
Hlutfé	10	86.000	86.000
Lögbundinn varasjóður	10	21.500	21.500
Óráðstafað eigið fé		1.107.089	795.967
Eigið fé samtals		<u>1.214.589</u>	<u>903.467</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	12	2.039.824	2.482.668
Tekjuskattsskuldbinding	13	433.412	344.631
Skuldbinding vegna veglykla	14	101.275	94.911
		<u>2.574.511</u>	<u>2.922.210</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	64.375	87.466
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	12	513.594	500.452
Fyrirframinnheimtar tekjur		320.423	310.439
		<u>898.392</u>	<u>898.357</u>
Skuldir samtals		3.472.903	3.820.567
Eigið fé og skuldir samtals		<u>4.687.492</u>	<u>4.724.034</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Eiginfjáryfirlit 31. desember 2013

	Skýr.	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2012		86.000	21.500	606.879	714.379
Heildarhagnaður ársins				238.088	238.088
Arður til hluthafa				(49.000)	(49.000)
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>189.088</u>	<u>189.088</u>
Staða 31. desember 2012/ Staða 1. janúar 2013		86.000	21.500	795.967	903.467
Heildarhagnaður ársins				355.123	355.123
Arður til hluthafa	17			(44.000)	(44.000)
		<u>0</u>	<u>0</u>	<u>311.123</u>	<u>311.123</u>
Staða 31. desember 2013		<u>86.000</u>	<u>21.500</u>	<u>1.107.089</u>	<u>1.214.589</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2013

	Skýr.	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Rekstrarhreyfingar			
Handbært fé frá rekstri	18	805.316	775.873
(Útborgaðir) innborgaðir vextir		(124.097)	(138.123)
Handbært fé frá rekstri með vöxtum		<u>681.219</u>	<u>637.750</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup varanlegra rekstrarfjármuna	8	(135.475)	(63.902)
Sala varanlegra rekstrarfjármuna	8	0	800
Lán til móðurfélags	19	(28.147)	(33.741)
		<u>(163.621)</u>	<u>(96.844)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(509.750)	(496.161)
Greiddur arður til hluthafa		(44.000)	(39.200)
		<u>(553.750)</u>	<u>(535.361)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(36.152)	5.545
Handbært fé í byrjun árs		265.191	259.646
Handbært fé		<u><u>229.039</u></u>	<u><u>265.191</u></u>
Handbært fé frá rekstri			
	18		
Hagnaður ársins		355.123	238.088
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi		407.349	477.464
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		42.844	60.321
		<u>805.316</u>	<u>775.873</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 - 22 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Spölur ehf sá um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við veltengingu um utanverðan Hvalfjörð og sér um rekstur hennar uns allar skuldir félagsins hafa verið greiddar, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um veltengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgöngumálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

Félagið er með skráð skuldabréf á Nasdaq OMX (Kauphöll Íslands). Höfuðstöðvar félagsins eru á Kirkjubraut 28, Akranesi.

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna.

Stjórn félagsins staðfesti þennan ársreikning 27. febrúar 2014.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Spalar ehf er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem eru í gildi í árslok 2013, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir árslok 2013, en heimilt er að taka upp fyrr. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

Við gerð reikningsskilanna í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Sjá skýringu nr. 4.

2.2 Upplýsingar um starfspætti

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti félagsins sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengjast öðrum rekstrarstarfspáttum félagsins. Landfræðilegur starfspáttur er háður því að útvega vörur eða þjónustu innan ákveðins efnahagslegs umhverfis sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tilheyra öðru efnahagslegu umhverfi. Þann 31. desember 2013 er félagið skilgreint með einn rekstrarstarfspátt á Íslandi: (1) veggjald. Það er því ekki þörf á að birta starfspáttayfirlit.

Skýringar

2.3 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Allur kostnaður við undirbúningsframkvæmdir, fjármögnun, byggingu vegganga undir Hvalfjörð og greiðsla til Vegagerðar samkvæmt samningi er eignfærður sem stofnkostnaður meðal varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Stofnkostnaður vegganga	65 ár
Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki	5-10 ár

Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og hrakvirði eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

2.4 Virðisrýrnun langtímaeigna

Varanlegir rekstrarfjármunir og aðrir fastafjármunir þ.m.t. viðskiptavild og óefnislegar eignir eru skoðaðir með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef gangvirði eigna er lægra en bókfært verð þeirra. Gangvirði er það sem er hærra af áætluðu söluverðmæti eða notkunarverðmæti. Við virðisrýrnunarpróf eru eignir flokkaðar eins mikið niður og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.5 Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Viðskiptakröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru viðskiptakröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun þegar við á. Niðurfærslan vegna virðisrýrnun er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Fjárhagserfiðleikar skuldara og tafir á greiðslu meira en 60 daga eru taldar vísbendingar um virðisrýrnun á kröfu. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi á móti niðurfærslu viðskiptakrafna á meðal eigna. Virðisrýrnun er bakfærð í rekstrarreikningi ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt á atburði sem áttu sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins, á milli viðskiptakröfu og niðurfærslu þess.

Skýringar

2.6 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum hjá Íslandsbanka.

2.7 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

2.8 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuld er skuldbinding um að greiða fyrir vöru eða þjónustu vegna viðskipta eða atburða sem átt hafa sér stað.

Viðskiptaskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru viðskiptaskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

2.9 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Eftir upphaflega skráningu eru langtímaskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Verðtryggðar skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2014, verðbætur á höfuðstól skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

Við endurfjármögnun lána eru áhrif vegna þessa færð beint til tekna eða gjalda meðal fjármunatekna eða fjármunagjalda á því tímabili sem endurfjármögnunin á sér stað.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.10 Tekjuskattur og tekjuskattskuldbinding

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum, kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

2.11 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félaginu ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða og líklegt er að kostnaður, sem hægt er að meta með áreiðanlegum hætti, lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Aðrar skuldbindingar samanstanda af skilagjaldi veglykla.

2.12 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur er fyrirframgreiðsla viðskiptavina vegna ferða um Hvalfjarðargöngin. Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

Skýringar

2.13 Innlausn tekna

Veggjald er fært til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum virðisaukaskatti og sölukostnaði vegna veglykla. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma þjónustu.

Tekjur eru færðar í rekstrarreikningi þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst til kaupanda, líklegt að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar á áreiðanlegan hátt.

2.14 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðuð við áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

2.15 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

3. Stýring fjárhagslegrar áhættu

3.1 Þættir fjárhagslegrar áhættu

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu, eins og: markaðsáhættu (þar á meðal vaxtaáhættu), lánsáhættu og lausafjárahættu. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum. Áhættustýring er innan félagsins til samræmis við reglur samþykkt af stjórn. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi félagsins.

(a) Markaðsáhætta

(i) Vaxtaáhætta

Félagið býr við vaxtaáhættu vegna langtímalána og eigna með vöxtum. Langtímalán félagsins eru með breytilega og fasta vexti. Lán með föstum vöxtum eru verðbætt. Lánastefna félagsins er að lán með föstum vöxtum séu í 70-100% hlutfalli af heildarlangtímalánum. Á árunum 2013 og 2012 voru lán með breytilegum vöxtum eingöngu í íslenskum krónum.

Félagið greinir umfang vaxta og verðbóta reglulega. Ýmis dæmi eru gerð og greind með tilliti til endurfjármögnunar eða endurnýjunar. Á grundvelli þessara dæma skoðar félagið áhrif breytinga á vexti og verðbóta á afkomu.

0,5% hærr/lægri vextir á eignir þann 31. desember 2013, með alla aðra þætti óbreytta, hefði hækkað/lækkað hagnað fyrir skatta að fjárhæð 1,7 mkr. (2012: 1,8 mkr.) vegna áhrifa hærr/lægri vaxtatekna af eignum.

0,1% hærr/lægri vextir óverðtryggðra langtímalána þann 31. desember 2013, með alla aðra þætti óbreytta, hefði lækkað/hækkað hagnað fyrir skatta að fjárhæð 0,8 mkr. (2012: 1,0) vegna hærr/lægri vaxtagjalda óverðtryggðra langtímalána með breytilegum vöxtum.

1% hærr/lægri verðbætur langtímalána þann 31. desember 2013, með alla aðra þætti óbreytta, hefði lækkað/hækkað hagnað fyrir skatta að fjárhæð 40,0 mkr. (2012: 45,4 mkr.) vegna hærr/lægri verðbóta langtímalána.

Skýringar

(b) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum í viðskiptakröfum og handbæru fé. Félagið hefur ákveðna stefnu gagnvart því að veita þjónustu til ábyrgra aðila en útlánaáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna. Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við félagið og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillit til veða:

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2013 og 31. desember 2012. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörstigi.

	Skýring	Bókfært verð	
		31/12 2013	31/12 2012
Viðskiptakröfur	9	45.320	45.113
Viðskiptakröfur á móðurfélag	9	145.424	155.638
Aðrar kröfur og fyrirframgreiðslur	9	9.030	15.124
Handbært fé		229.039	265.191
		<u>428.812</u>	<u>481.066</u>

Langtímalán eru tryggð með veði í viðskiptakröfum, hlutafé og handbæru fé.

(c) Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Taflan hér að neðan greinir skuldir félagsins í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur.

Þann 31. desember 2013	Bókfært verð	Samnings bundið flæði	Innan 1 árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	64.375	64.375	64.375	0	0	0
Þann 31. desember 2012	Bókfært verð	Samnings bundið flæði	Innan 1 árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár
Skuldabréfalán	2.983.120	3.002.714	500.452	500.452	1.501.357	500.452
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	87.466	87.466	87.466	0	0	0

Skýringar

3.2 Áhættustýring eiginfjár

Félagið stýrir fjármögnun sinni með það að markmiði að viðhalda getu þess til áframhaldandi reksturs, til að greiða eigendum sínum arð og öðrum hluteigandi viðeigandi ávinning og til að viðhalda skipulagi fjármögnunar sem lágmarkar kostnað við fjármögnun.

Félagið getur breytt upphæð arðs sem greiddur er hluthöfum, endurgreitt hlutafé, gefið út nýtt hlutafé eða selt eignir til að minnka skuldir til að viðhalda eða lagfæra skipulag fjármögnunar. Þann 31. desember 2013 var óráðstafað eigið fé að fjárhæð 1.107 mkr. (31.12.2012: 796 mkr.) sem nægir fyrir arðgreiðslum.

3.3 Mat á gangvirði

Bókfært verð viðskiptakrafna og viðskiptaskulda að frádregnum niðurfærslum þeirra er matsverð slíkra eigna og skulda.

4. Mikilvægt reikningshaldslegt mat

Sífelld er verið að meta liði og byggir matið á skoðunum, reynslu fortíðar og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um atburði í framtíðinni sem álitid er að séu skynsamlegar miðað við aðstæður. Félagið vinnur mat og gengur út frá forsendum varðandi framtíðina. Það reikningshaldslega mat sem af þeim leiðir mun samkvæmt skilgreiningu sjaldan vera jafngilt tengdum raunárangri.

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Laun	105.037	98.947
Tryggingagjald	8.960	8.473
Lífeyrisiðgjöld	9.817	9.175
Félagsgjöld	1.441	1.354
	<u>125.255</u>	<u>117.950</u>
Fjöldi starfsmanna	17	16

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Vaxtatekjur og verðbætur:		
Vaxtatekjur og verðbætur	25.340	22.555
Vaxtagjöld og verðbætur:		
Vaxtagjöld langtímalána	(150.059)	(166.963)
Verðbætur langtímalána	(72.771)	(101.941)
Aðrir liðir	(1.316)	(23)
	<u>(224.146)</u>	<u>(268.926)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) - nettó	<u>(198.806)</u>	<u>(246.372)</u>

7. Tekjuskattur

	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Gjaldfærður tekjuskattur (skýring 13)	88.781	115.569
Hagnaður fyrir skatta	<u>443.903</u>	<u>353.657</u>
Reiknaður tekjuskattur 20%	88.781	70.731
Niðurfelling á yfirfæranlegu tapi frá 2001	0	44.838
Tekjuskattur samtals	<u>88.781</u>	<u>115.569</u>
Virkur tekjuskattur	20%	33%

Skýringar

8. Fastafjármunir

	Stofnkostnaður vegganga	Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki	Samtals
Miðað við 1. janúar 2012			
Kostnaðarverð	6.939.753	476.249	7.416.001
Uppsafnaðar afskriftir	(2.799.058)	(321.555)	(3.120.613)
Bókfært verð 1. janúar 2012	4.140.695	154.693	4.295.388
Staða 31. desember 2012			
Bókfært verð 1. janúar 2012	4.140.695	154.694	4.295.388
Viðbætur	54.136	9.767	63.902
Sala	0	(472)	(472)
Afskriftir	(79.492)	(36.359)	(115.851)
Bókfært verð 31. desember 2012	4.115.338	127.629	4.242.968
Miðað við 31. desember 2012			
Kostnaðarverð	6.993.889	484.001	7.477.890
Uppsafnaðar afskriftir	(2.878.550)	(356.372)	(3.234.922)
Bókfært verð 31. desember 2012	4.115.338	127.629	4.242.968
Staða 31. desember 2013			
Bókfært verð 1. janúar 2013	4.115.338	127.629	4.242.968
Viðbætur	66.901	68.574	135.475
Afskriftir	(80.475)	(39.287)	(119.763)
Bókfært verð 31. desember 2013	4.101.764	156.916	4.258.680
Miðað við 31. desember 2013			
Kostnaðarverð	7.060.789	552.575	7.613.364
Uppsafnaðar afskriftir	(2.959.026)	(395.659)	(3.354.685)
Bókfært verð 31. desember 2013	4.101.764	156.916	4.258.680

Skýringar

9. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

	31/12 2013	31/12 2012
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður:		
Viðskiptakröfur	49.519	49.458
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(4.502)	(4.726)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>45.017</u>	<u>44.732</u>
Viðskiptakröfur vegna tengdra aðila (skýring 19)	303	381
Viðskiptakröfur móðurfélag (skýring 19)	145.424	155.638
Aðrar viðskiptakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	9.030	15.124
	<u>199.774</u>	<u>215.875</u>

Gangvirði viðskiptakrafna er talið vera bókfært virði þeirra að frádreginni niðurfærslu.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhættu þann 31. desember 2013 er gangvirði fjárhæða hér að ofan. Félagið hefur ekki tryggingar fyrir viðskiptakröfurnar.

Ógjaldfallnar viðskiptakröfur þann 31. desember 2013 voru að fjárhæð 25,9 mkr. (2012: 25,1 mkr.).

Viðskiptakröfur sem féllu á gjalddaga fyrir tveim mánuðum eða innan þess tíma eru ekki niðurfærðar. Viðskiptakröfur sem falla undir þessa skilgreiningu þann 31. desember 2013 eru að fjárhæð 16,9 mkr. (2012: 16,8mkr.). Þessar viðskiptakröfur samanstanda af mörgun óháðum viðskiptaaðilum með enga tapsögu hjá Speli. Aldursgreining þessara krafna er eftirfarandi:

Gjaldfallið innan 1. mánaðar	13.774	13.617
Gjaldfallið fyrir 1 til 2 mánuðum	3.114	3.175
	<u>16.888</u>	<u>16.792</u>

Gjaldfallnar viðskiptakröfur eldri en tveggja mánaða þann 31. desember 2013 eru að fjárhæð 2,5 mkr. a.t.t.t niðurfærslu (2012: 3,2 mkr.). Niðurfærsla vegna þessara krafna er að fjárhæð 4,5 mkr. þann 31. desember 2013 (2012: 4,7 mkr.). Einstakar niðurfærslur má sérstaklega rekja til viðskiptavina í erfiðleikum vegna efnahagsaðstæðna. Það hefur verið metið sem svo að hluti af niðurfærslunni gæti komið til baka. Aldursgreining er eftirfarandi:

Gjaldfallið eldra en 2 mánaða	2.548	3.238
-------------------------------------	-------	-------

Skýringar

Breyting niðurfærslureiknings greinist þannig:

Þann 1. janúar 2012	4.250
Framlag í afskriftareikning	4.197
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(3.721)
Þann 31. desember 2012	<u>4.726</u>
Þann 1. janúar 2013	4.726
Framlag í afskriftareikning	4.208
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(4.431)
Þann 31. desember 2013	<u>4.502</u>

Viðskiptakröfur sem eru sannanlega tapaðar eru færðar út af viðskiptakröfum á móti niðurfærslunni.

10. Hlutafé og lögbundinn varasjóður

	Fjöldi hluta (þúsundum)	Hlutir	Eigin hlutir	Samtals
Þann 1. janúar 2012	86.000	86.000	0	86.000
Þann 31. desember 2012	86.000	86.000	0	86.000
Þann 1. janúar 2013	86.000	86.000	0	86.000
Þann 31. desember 2013	86.000	86.000	0	86.000

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er að fjárhæð 86 mkr. (2012: 86 mkr.) Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt 75. gr. laga um einkahlutafélög er minnst tíu hundraðshluta þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, á að leggja í varasjóð uns hann nemur tíu hundraðshlutum hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst fimm hundraðshlutar þar til sjóðurinn nemur 1/4 hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum.

11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

	31/12 2013	31/12 2012
Viðskiptaskuldir	22.091	28.207
Áfallinn kostnaður	11.284	13.036
Áfallnir vextir	31.001	36.340
Aðrar skammtímaskuldir	0	9.883
	<u>64.375</u>	<u>87.466</u>

Gangvirði viðskiptaskulda og annarra skammtímaskulda er talið vera bókfært virði þeirra.

Skýringar

12. Skuldabréfalán

	31/12 2013	31/12 2012
Langtímaskuldir:		
Skuldabréfalán	2.039.824	2.482.668
Skammtímaskuldir:		
Skuldabréfalán	513.594	500.452
Samtals	<u>2.553.418</u>	<u>2.983.120</u>

Skuldir félagsins við lánastofnanir eru tryggðar með veðum í bankainnstæðum, viðskiptakröfum og hlutafé.

Bókfært virði viðskiptakrafna að fjárhæð 45,3 mkr. (2012: 45,1 mkr.) og handbærs fjár að fjárhæð 229,0 mkr. (2012: 265,2 mkr.) er tryggt á móti skuldabréfalánunum.

	Samtals 31/12 2013	Samtals 31/12 2012
Skuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:		
ISK, verðtryggt 3,75% fastir vextir	1.848.045	2.136.672
ISK, óverðtryggt 7,70% breytilegir vextir að viðb. álagi	580.373	696.447
ISK, óverðtryggt 7,25% breytilegir vextir	125.000	150.000
	<u>2.553.418</u>	<u>2.983.120</u>
Næsta árs afborganir	(513.594)	(500.452)
	<u>2.039.824</u>	<u>2.482.668</u>

Afborganir af skuldabréfalánunum félagsins í lok desember 2013 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2014	513.594	500.452
Árið 2015	513.594	500.452
Árið 2016	513.594	500.452
Árið 2017	513.594	500.452
Árið 2018	499.043	981.310
	<u>2.553.418</u>	<u>2.983.120</u>

Bókfært verð langtímahluta skuldanna er 2.040 mkr. Gangvirði langtímaskulda er 2.220 mkr. Gangvirði skammtímahluta skuldanna er jafnt bókfærðu virði þeirra, þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg. Gangvirði skulda er reiknað með núvirtu sjóðsflæði byggt á 4,83% vöxtum.

Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta.

Skýringar

13. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingarinnar á árinu greinast þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar 2012	229.062
Reiknaður tekjuskattur (skýr 7)	70.731
Niðurfelling á yfirfæranlegu tapi frá 2001	44.838
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2012	<u>344.631</u>
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar 2013	344.631
Reiknaður tekjuskattur (skýr 7)	88.781
Tekjuskattsskuldbinding 31. desember 2013	<u>433.412</u>

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:	31/12 2013	31/12 2012
Varanlegir rekstrarfjármunir	685.679	617.029
Frestaður gengismunur	0	(355)
Yfirfæranlegt tap	<u>(252.267)</u>	<u>(272.043)</u>
	<u>433.412</u>	<u>344.631</u>

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2014 þrátt fyrir hagnað á árinu 2013 vegna ójafnaðra rekstrartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 1.10.2004 - 30.9.2005, nýtanlegt til ársloka 2015	178.712
Tap ársins 1.10.2005 - 30.9.2006, nýtanlegt til ársloka 2016	190.523
Tap ársins 1.10.2007 - 30.9.2008, nýtanlegt til ársloka 2018	474.157
Tap ársins 1.10.2008 - 30.9.2009, nýtanlegt til ársloka 2019	335.728
Tap ársins 1.10.2009 - 30.9.2010, nýtanlegt til ársloka 2020	48.089
Tap ársins 1.10.2010 - 31.12.2011, nýtanlegt til ársloka 2021	34.126
	<u>1.261.335</u>

14. Skuldbinding veglykla

Skuldbinding veglykla:

Staða 1. janúar 2012	89.521
Seldir veglyklar	8.403
Endurgreiddir og eyddir veglyklar	<u>(3.013)</u>
Staða 31. desember 2012	<u>94.911</u>
Staða 1. janúar 2013	94.911
Seldir veglyklar	8.636
Endurgreiddir og eyddir veglyklar	<u>(2.272)</u>
Staða 31. desember 2013	<u>101.275</u>

Greining á heildar skuldbindingum:	31/12 2013	31/12 2012
Langtímahluti	<u>101.275</u>	<u>94.911</u>

Skuldbinding veglykla samanstendur af skilagjaldi þeirra sem áætlað er að endurgreiða við umsamin lok innheimtu veggjalda árin 2018 til 2019. Upphæð skuldbindingarinnar er sú hámarksfjárhæð sem verður greidd ef allir skila inn veglyklinum.

Skýringar

15. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði (tapi) sem skipta má á hluthafa með vegnu meðaltali almennra hluta sem eru útgefnir yfir árið, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Hagnaður ársins	355.123	238.088
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta	86.000	86.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	4,13	2,77

16. Tryggingar

Eignir félagsins eru tryggðar fyrir 3.119 mkr. og rekstrarstöðvunartrygging nemur 1.017 mkr. Ábyrgðartrygging nemur 470 mkr.

17. Arður

Arður til greiðslu á árinu 2014 verður samtals 45 mkr. (0,52 á hlut). Arður greiddur á árinu 2013 nam 44 mkr. (0,51 á hlut).

18. Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)

	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Hagnaður	355.123	238.088
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Tekjuskattur	88.781	115.569
Afskriftir	119.763	115.851
Hagnaður af sölu fastafjármuna	0	(328)
Fjármagnsgjöld og fjármunatekjur nettó	198.806	246.372
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	34.448	56.606
Viðskiptaskuldir	2.032	(1.675)
Skuldbinding veglykla	6.363	5.390
Handbært fé frá rekstri	805.316	775.873

Skýringar

19. Tengdir aðilar

Félagið er í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. Eigendur Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. með eignarhlut yfir 10% af hlutafé í félaginu eru, Faxaflóahafnir, Ríkissjóður Íslands, Elkem Ísland ehf, Vegagerðin og Hvalfjarðarsveit.

Eftirfarandi viðskipti við tengda aðila áttu sér stað á tímabilinu:

<i>(a) Veggjald</i>	1/1 13 - 31/12 13	1/1 12 - 31/12 12
Veggjald:		
– Stjórn og framkvæmdastjóri	313	311
– Hluthafar móðurfélags	4.909	5.461
	<u>5.222</u>	<u>5.772</u>

Söluverð veggjalda byggist á gildandi verðskrá og skilmálum sem í boði er fyrir óháðan þriðja aðila.

(b) Kaup á vörum og þjónustu

Kaup á þjónustu:		
– Hluthafar móðurfélags	1.349	5.897

(c) Þóknanir til stjórnenda

Laun	19.662	18.531
Framlag í lífeyrissjóð	1.607	1.553
	<u>21.269</u>	<u>20.084</u>

(d) Viðskiptastöður í lok árs vegna sölu veggjalds

Viðskiptakröfur á tengda aðila:		
– Hluthafar móðurfélags	303	381

Viðskiptakröfur við tengda aðila eru að mestu tilkomnar vegna söluviðskipta og eru á gjalddaga 10 dögum eftir viðskiptadag.

(e) Lán til móðurfélags

Lán til móðurfélags:		
Staða 1. janúar 2012		162.617
Viðbót á tímabilinu		33.741
Afborganir á tímabilinu		(46.580)
Áfallnir vextir og verðbætur		5.860
Staða 31. desember 2012		<u>155.638</u>
Staða 1. janúar 2013		155.638
Viðbót á tímabilinu		28.147
Afborganir á tímabilinu		(45.002)
Áfallnir vextir og verðbætur		6.641
Staða 31. desember 2013		<u>145.424</u>

Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Ársfjórðungsyfirlit	4. ársfjórð.	3. ársfjórð.	2. ársfjórð.	1. ársfjórð.
Rekstur félagsins greinist þannig á ársfjórðunga:	1/10 13 - 31/12 13	1/7 13 - 30/9 13	1/4 13 - 30/6 13	1/1 13 - 31/3 13
Veggjald	212.164	371.568	303.800	203.709
Viðhald og rekstur ganga	(51.995)	(31.818)	(55.335)	(45.978)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(37.034)	(28.630)	(37.797)	(35.973)
Tapaðar kröfur	(2.139)	107	(940)	(1.236)
Afskriftir	(30.570)	(30.301)	(29.840)	(29.051)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....	<u>90.426</u>	<u>280.925</u>	<u>179.888</u>	<u>91.471</u>
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	<u>(42.433)</u>	<u>(35.822)</u>	<u>(42.568)</u>	<u>(77.983)</u>
Hagnaður (tap) fyrir skatta.....	47.993	245.103	137.320	13.488
Tekjuskattur	(9.599)	(49.021)	(27.464)	(2.698)
Hagnaður (tap) ársfjórðungs.....	<u>38.394</u>	<u>196.082</u>	<u>109.856</u>	<u>10.790</u>
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	120.996	311.226	209.728	120.522